

Hópstarfsörorkutrygging - Séreignarlífeyrissjóðir

- OKKAR Fjölskylduvernd -

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

Váttryggingartaki: Sá sem gerir hópssamning við félagið.

Hópur: Sjóðfélagar í séreignarsjóði váttryggingartaka.

Váttryggður: Aðili úr hópnum sem sótt hefur um og fengið váttryggingu hjá OKKAR líftryggingum hf. og sem váttryggingin tekur til.

Váttryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Váttryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

OKKAR Fjölskylduvernd: OKKAR Fjölskylduvernd er hópstarfsörorkutrygging ætluð sjóðfélögum þess séreignarlífeyrissjóðs sem tilgreindur er í samningi váttryggingartaka (séreignarlífeyrissjóðsins) og félagsins.

Aðalgjaldlagi: Aðalgjaldlagi váttryggingarinnar er 1. mars.

1. GR. INNGANGUR

Váttrygging þessi er hópstarfsörorkutrygging vegna tímabundinnar og varanlegrar skerðingar á starfsorku vegna slyss eða sjúkdóms og er fyrir sjóðfélaga sem greiða í séreignarlífeyrissjóð váttryggingartaka. Grundvöllur váttryggingarsamningsins er skilmálar þessir, upplýsingar á váttryggingarumsókn og önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda um váttrygginguna að svo miklu leyti sem ekki er vikið frá þeim í skilmálum þessum.

2. GR. GILDISTÍMI OG ALDURSTAKMÖRK

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum, sbr. þó 4. gr.

Ábyrgð félagsins hefst á útgáfudegi, þegar það hefur móttekið og samþykkt undirritaða umsókn með nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt reglum félagsins, og greiðsla fyrsta iðgjalds hefur borist félaginu.

Váttryggingin gildir frá útgáfudegi og til þess tíma sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini, þó að hámarki til 60 ára aldurs váttryggðs (sjá einnig 25. gr.). Félagið váttryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára.

3. GR. SVIK OG RANGAR UPPLÝSINGAR

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína, sviksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem hafa þýðingu við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XIII. kafla laga nr. 30/2004.

4. GR. SKYLDUR VÁTTRYGGÐS Á VÁTTRYGGINGARTÍMANUM

Tilkynna ber skriflega sérhverja breytingu sem kann að verða á búsetu og starfi váttryggðs. Félagið mun í þeim tilvikum meta hvort váttryggingin skuli gilda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum. Dveljist váttryggður erlendis í meira en hálf tveimur árum, er félaginu heimilt að segja upp váttryggingunni.

Vanræki váttryggður að tilkynna um slíka breytingu getur ábyrgð félagsins fallið niður samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/2004.

Falli váttryggingin niður eða iðgjald breytist vegna áhættubreytingar, endurreiknast iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabiliinu.

5. GR. GREIÐSLA IÐGJALDS

Váttryggingartaki, eða aðili sem váttryggingartaki vísar til, skal sjá um að draga iðgjald váttryggingar af iðgjaldi sjóðfélaga og greiða til félagsins. Séu heildarinnngreiðslur váttryggðs í séreignarlífeyrissjóð á síðustu 24 mánuðum lægri en sem nemur váttryggingariðgjaldi á gjalddaga, fellur váttryggingin niður sbr. 25. gr.

6. GR. ENDURNÝJUN OG UPPSÖGN

Váttryggingin endurnýjast á aðalgjaldlagi til árs í senn, hafi henni ekki verið sagt upp. Hyggist félagið ekki framlengja váttrygginguna fram yfir

þann tíma skal það tilkynna váttryggðum það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda.

Váttryggður getur sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímanum. Váttryggingunni skal sagt upp skriflega.

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald fyrir það tímabil sem félagið ber ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.

7. GR. VÁTTRYGGINGIN BÆTUR

Félagið greiðir bætur samkvæmt váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum þessum, ef starfsorka váttryggðs skerðist um 50% eða meira af völdum sjúkdóms eða slyss, svo sem segir í skilmálum þessum. Við 100% skerðingu starfsorku greiðast fullar bætur, sbr. 10. gr. og 13. gr., en við minni skerðingu starfsorku greiðist sami hundradshluti bóta og sem nemur skerðingunni.

Við mat á skertri starfsorku skal miða við getu váttryggðs til að gegna starfi sem telst vera eðlilegt fyrir einstakling með óskerta starfsorku sem er á svipuðum aldri, með sambærilega starfsreynslu og svipaða menntun og verkunnáttu.

Félagið ákveður hve mikil skerðing starfsorku skv. 2. mgr. 7. gr. er og varanleika hennar á grundvelli mats sérfróðra aðila, lækna og lögfræðinga.

Krafa um bætur eða váttryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

8. GR. VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐ

Váttryggingarfjárhæð er valin á umsókn og kemur fram á skírteini og í endurnýjunarkvittunum og er notuð til ákvörðunar mánaðarlegra bóta skv. 10. gr. og örorkubóta vegna varanlegrar skerðingar starfsorku skv. 13. gr.

9. GR. BÆTUR VEGNA TÍMABUNDINNAR SKERÐINGAR STARFSORKU

Valdi slyss eða sjúkdómur váttryggðum tímabundinni skerðingu starfsorku, greiðir félagið, að loknum bótalausum tíma, mánaðarlegar bætur til váttryggðs í samræmi við 10. gr. þann tíma sem skerðing á starfsorku váttryggðs varir, þó að hámarki í 30 mánuði, sjá nánar 11. gr.

Er ætla má að stöðugleika í heilsufari váttryggðs hafi verið náð, skal meta varanlega skerðingu starfsorku hans.

Á meðan greiddar eru bætur vegna tímabundinnar skerðingar starfsorku fellur niður skylda váttryggðs til greiðslu iðgjalds váttryggingarinnar.

10. GR. UPPHÆÐ MÁNAÐARLEGRA BÓTA VEGNA TÍMABUNDINNAR SKERÐINGAR STARFSORKU

Upphæð bóta breytist á aðalgjaldlagi í samræmi við vísitölu neysluverðs.

11. GR. LOK GREIÐSLNA VEGNA TÍMABUNDINNAR SKERÐINGAR STARFSORKU

Bótgreiðslur vegna tímabundinnar skerðingar starfsorku falla niður ef:

- Skerðing á starfsorku váttryggðs er minni en 50%,
- váttryggður hafnar eða sinnir ekki nauðsynlegri lækni meðferð eða þjálfun sem ætluð er til að auka vinnufæmi hans,
- váttryggður hafnar eða sinnir ekki kröfu félagsins um að fara í mat vegna varanlegrar skerðingar á starfsorku,
- váttryggður fellur frá,
- fyrir liggur mat um varanlega skerðingu á starfsorku váttryggðs (örorkumat),
- váttryggður nær 60 ára aldri,
- skert starfsorka er vegna slyss og liðin eru tvö ár frá tjónsdegi,
- skert starfsorka er vegna sjúkdóms og liðin eru þrjú ár frá tjónsdegi.

12. GR. BÆTUR VEGNA VARANLEGRAR SKERÐINGAR STARFSORKU

Valdi slyss eða sjúkdómur váttryggðum varanlegri skerðingu starfsorku og fyrir liggur mat þess efnis greiðir félagið örorkubætur í formi eingreiðslu inn á séreignarsjóð váttryggðs í samræmi við 13. gr.

Varanleg skerðing á starfsorku (varanleg örorka) váttryggðs ákveðst í síðasta lagi þremur árum frá tjónsdegi, nema ef örorka er vegna slyss, þá ákveðst hún í síðasta lagi tveimur árum eftir tjónsdag. Ef líkur eru til að ástand váttryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.

Falli váttryggður frá áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast ekki bætur fyrir varanlega örorku.

Við greiðslu örorkubóta samkvæmt þessari grein fellur váttryggingin úr gildi.

13. GR. UPPHÆÐ ÖRORKUBÓTA VEGNA VARANLEGRAR SKERÐINGAR STARFSORKU

Fullar örorkubætur eru ákvarðaðar út frá váttryggingarfjárhæð í mánuðinum sem örorkumat liggur fyrir á þann hátt að váttryggingarfjárhæð er núvirk m.v. 3,5% ársafvöxtun frá þeim tíma er greiðslum skv. 9. gr. lauk til loka bótatíma.

Bætur vegna varanlegrar skerðingar starfsorku eru greiddar í eingreiðslu inn á séreignarsparnað váttryggðs og greiðast út samkvæmt gildandi lögum um útgreiðslu séreignar.

14. GR. TAKMARKANIR Á ÁBYRGÐ FÉLAGSINS

Váttryggingin bætir ekki afleiðingar af völdum:

- Slysa sem váttryggður kann að verða fyrir af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis,
- slysa sem verða við fjallaklifur, bjargsig, hnefaleika, glímu- og bardagaíþróttir, akstursíþróttir, fallhlífarstökk, froskköfun og teygjustökk,
- slysa sem váttryggður verður fyrir í handalögmáli, við þáttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyi- og/eða fíkniefna eða í ölæði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins,
- slysa eða sjúkdóma sem verða vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis váttryggðs,
- sjúkdóma sem orsakast af neyslu áfengis, eitur-, deyi- og nautnalyfja,
- slysa eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, styrjaldrar, innrásar, uppreisnar, hryðjuverka eða svipaðra aðgerða.

Váttryggingin bætir ekki skerðingu starfsorku sem váttryggður verður fyrir á meðgöngu, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að skerðing starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla.

15. GR. BÓTALAUS TÍMI

Bótalaus tími samkvæmt tryggingu þessari er 6 mánuðir. Með bótalausum tíma er átt við það tímabil sem þarf að líða frá því að váttryggður fékk vitneskju um atvik sem bótakrafa hans er reist á, þar til réttur til greiðslu myndast í samræmi við váttryggingarskírteini, skilmála, eða endurnýjunarkvittun.

Skerðist starfsorka váttryggðs á ný vegna sama heilsutjóns og áður hafði leitt til greiðslu bóta úr váttryggingu þessari hefjast bótageiðslur á ný þegar í stað án tillits til bótalaus tíma.

16. GR. BÓTATÍMI

Bótatími er valinn á umsókn og kemur fram á skírteini /endurnýjunarkvittunum og er sá tími frá tjónsdegi sem liggur til grundvallar útreikningi örorkubóta skv. 13. gr. Bótatími er aldrei lengur en til 60 ára aldurs váttryggðs.

17. GR. SKYLDUR VÁTRYGGÐS VIÐ TJÓNSATBURÐ

Verði tjón sem talið er að váttryggingarskilmálar þessir taki til, skal tilkynna það félaginu án ástæðulauss dráttar og, ef félagið metur þörf á, mæta til skoðunar hjá þeim lækni sem félagið tilnefni.

Samkvæmt 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga glatar réttihafi rétti til bóta ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Hafi sá sem leggur fram kröfu um greiðslu bóta úr váttryggingu þessari veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við tjónsuppgjör, sem hann veit eða má vita að leitt geti til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt á, glatar hann rétti til krafna á hendur félaginu, að öllu leyti eða að hluta, sbr. XVIII. kafla laga nr. 30/2004. Hafi sá sem á kröfu um bætur veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar getur félagið ennfremur sagt upp öllum váttryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara.

18. GR. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLYSS EDA SJÚKDÓMS

Váttryggðum ber að leita læknis svo fljótt sem auðið er eftir að skerðing á starfsorku hefur orðið, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis. Félagið greiðir fyrir nauðsynleg læknisvottorð. Bætur greiðast ekki til lengri tíma en eins árs aftur í tímann áður en beiðni um bótageiðslur barst félaginu.

19. GR. IÐGJALDABREYTINGAR, BREYTINGAR Á FJÁRHÆÐ OG RÉTTUR TIL BREYTINGA Á SKILMÁLUM

Félagið áskilur sér rétt til að breyta skilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar á váttryggingartímanum, sbr. 133. gr. laga nr. 30/2004.

Fyrsta iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá félagsins, miðað við váttryggingarfjárhæð og aldur hins váttryggða við gildistöku váttryggingarinnar, sé eigi annars getið í váttryggingarskilmálum.

20. GR. VÍSITÖLUBINDING VÁTRYGGINGARFJÁRHÆÐA OG IÐGJALDS

Váttryggingarfjárhæðir breytast á aðalgjaldsdaga í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu. Grunnvísitala er vísitala neysluverðs útgefin í mánuðinum á undan útgáfumánuði/aðalgjaldsdaga. Lækki vísitalan, hefur það hvorki áhrif til lækkunar váttryggingarfjárhæða eða iðgjalds.

Iðgjald breytist í samræmi við breytingu váttryggingarfjárhæðar.

21. GR. FYRNING

Um fyrningu bótakrafna fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

22. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamállum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefnd þessa og starfshætti veitir Fjármálaeftirlitið.

Þjónusta nefndarinnar eða málskot til hennar skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

23. FRESTUR TIL LÖGFRÆÐILEGRA AÐGERÐA

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu.

24. GR. MÁLSMEDFERÐ

Mál sem rísa kunna vegna váttryggingar þessrar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

25. GR. LOK VÁTRYGGINGAR

Váttrygging einstakra aðila fellur úr gildi við greiðslu bóta vegna varanlegrar skerðingar starfsorku skv. 12. gr. Váttryggingin fellur sömuleiðis úr gildi ef:

- Heildarinnngreiðslur váttryggðs í séreignarlífeyrissjóð á síðustu 24 mánuðum eru lægri en sem nemur váttryggingariðgjaldi á gjaldsdaga,
- samningur félagsins og váttryggingartaka hefur fallið úr gildi.

Falli váttrygging úr gildi af öðrum orsökum en við bótageiðslu er verðmæti hennar ekkert.